

Brottfall úr námi

Yfirvöld menntamála í Evrópulöndum og víðar hafa í vaxandi mæli beint sjónum sínum að brottfalli úr námi. Í þeim hluta Lissabon ferlisins sem snýr að menntamálum (Education and Training 2010) setti Evrópusambandið sér m.a. það markmið að brottfall í aðildarlöndunum yrði ekki meira en 10% árið 2010.

Engin ein alþjóðleg skilgreining á brottfalli úr námi er til eða viðurkennd. [OECD](#) skilgreinir t.d. brottfall ungs fólks úr námi á eftirfarandi hátt: Fólk á aldrinum 20-24 ára sem ekki er í námi og hefur aðeins lokið námi á lægra skólastigi en framhaldsskólastigi. Hér á landi væri um að ræða þá sem aðeins hefðu lokið grunnskólanámi. Stofnunin byggir upplýsingaöflun sína á vinnumarkaðskönnun [EUROSTAT](#) (Labour Force Survey). Skilgreining EUROSTAT á brottfalli úr námi er svipuð en aldursviðmið eru 18-24 ára.

Í sumum erlendum rannsóknum er brottfallshópurinn skilgreindur sem þeir sem höfðu hafið nám í framhaldsskóla að loknu skyldunámi og ekki lokið því við tiltekinn aldur.

Hagstofa Íslands hefur unnið [upplýsingar um brottfall úr námi úr nemenda- og prófaskrá](#) sinni og birti á síðastliðnu ári upplýsingar um námslok 1982 árgangsins á Íslandi við 24 ára aldur. Í ljós kom að 62,1% þessa árgangs höfðu árið 2006 lokið einhverju námi eftir grunnskólanám. Langflestir höfðu lokið stúdentsprófi. Fleiri konur en karlar luku námi eða 69,7% kvenna og 55,0% karla.

Hagstofa Íslands hefur einnig á undanförunum árum skoðað brottfall úr framhaldsskólum út frá breytingum á nemendahópnum frá einu skólaári til annars. [Sjá vef Hagstofunnar](#)

Ný Samtök leikjaframleiðenda



Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra ávarpaði nýstofnuð [Samtök leikjaframleiðenda](#), (Icelandic Gaming Industry), 25. september sl. Leikjaheimurinn hefur stækkað gríðarlega og er orðin öflug atvinnugrein hér á landi. Í ávarpi sínu sagði ráðherra meðal annars: „21. öldin er öld hinna skapandi atvinnugreina og þær hafa tvímælalaust æ meiri þýðingu fyrir hagvöxt á Íslandi. Hagræn áhrif menningar eru vaxandi um allan heim. Atvinnuvegir framtíðar munu byggjast á nýsköpun og

sköpunarkrafti. Það hefur því verið einstaklega ánægjulegt að fylgjast með örum vexti tölvuleikjafyrirtækja á Íslandi og sjá frjóa hugsun og faglegan metnað íslensks tölvuleikjafólks.“

Samnorrænn loftslagsdagur

Í tengslum við [loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna](#), sem haldin verður í Kaupmannahöfn í desember 2009, verður haldinn samnorrænn loftslagsdagur 11. nóvember nk.

Markmiðið með deginum er meðal annars að auka þekkingu almennings á þeim loftslagsvandana sem heimurinn býr við, efla vitund nemenda um loftslagsvandann, auka möguleika til aðgerða og efla norræna samkennd.

Meðal þess sem ákveðið hefur verið að gera í tilefni dagsins er að efna til samkeppni um athyglisverð verkefni á sviði loftslagsmála á meðal nemenda í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Gert er ráð fyrir að verkefnið verði unnin í haust eða á sjálfan loftslagsdaginn.

Auk þess hefur verið ákveðið að efna til [stærstu farsímatilraunar í heimi](#) á loftslagsdaginn. Keppnin er sérstaklega ætluð nemendum í 7.-10. bekk og felst í því að nota farsímann við að leysa nokkur verkefni tengd loftslagsmálum.

Einnig er í gangi stuttmyndasamkeppni „REClimate“ þar sem Norðurlandabúar á aldrinum 15-19 ára hafa þátttökurétt og eru vegleg verðlaun í boði.

Nánari upplýsingar er að finna á [vef keppinnar](#).

Norrænu menntamálaráðherrarnir standa að norræna loftslagsdeginum og hefur ráðuneytið sérstaklega hvatt skóla til að taka þátt í þeim verkefnum og keppnum sem efnt er til í tilefni þessa.

Allar frekari upplýsingar er að finna á [vef loftslagsdagsins](#).

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember

Árið 1995 samþykkti ríkisstjórnin að tillögu þáverandi menntamálaráðherra að 16. nóvember ár hvert, fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar, yrði dagur íslenskrar tungu. Í tengslum við daginn hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið beitt sér fyrir [átaki í þágu móðurmálsins](#) til að auka veg þess á allan hátt. Á degi íslenskrar tungu eru árlega veitt Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar og þá eru jafnframt veittar sérstakar viðurkenningar fyrir störf í þágu íslensks máls. Í reglum ráðuneytisins um verðlaunin segir að þau beri að veita einstaklingum er hafa með sérstökum hætti unnið íslenskri tungu gagn í ræðu eða riti, með skáldskap, fræðistörfum eða kennslu og stuðlað að eflingu hennar, framgangi eða miðlun til nýrrar kynslóðar. Ráðgjafanefnd dags íslenskrar tungu gerir tillögu til mennta- og menningarmálaráðherra um

verðlaunahafa og rökstyður val sitt. Auk þess er heimilt að veita stofnunum og fyrirtækjum sérstaka viðurkenningu fyrir stuðning við íslenska tungu.

Þátttaka skólafánanna, kennara og nemenda í ýmsum viðburðum í tengslum við íslenska tungu og Jónas Hallgrímsson hefur vaxið ár frá ári og skotið traustum rötum í skólalífi íslenskra barna og unglinga. Einnig hafa stofnanir, samtök og fjölmiðlar sýnt deginum mikinn áhuga og minnst hans með ýmsu móti. Hægt er að minnst dagsins á margvíslegan hátt, t.d. með upplestri, ritunarsamkeppni, verðlaunum og viðurkenningum, handritasýningum, bókakynningum, samkomum af ýmsum toga og tónlistarflutningi svo að fátt eitt sé nefnt.

Degi íslenskrar tungu var í fyrra bætt við íslensku fánadagana og skal á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar, 16. nóvember draga fána að hún á húsum opinberra stofnana. Nú orðið er dagur íslenskrar tungu álitinn hátíðisdagur móðurmálsins, dagur sem Íslendingar nota til að minnst þeirrar sérstöðu sem endurspeglast í tungunni og vekja landsmenn til umhugsunar um samfélagslegt og menningarlegt gildi íslenskrar tungu.

